

# Starfsfólkskönnun Hjallastefnunnar 2026

Niðurstöður  
Leikskólinn Barnaból



# Um könnunina

Könnunin var framkvæmd á netinu og var send á öll netföng starfsfólks. Skólastjóri er undanskilinn og eins starfsfólk sem hafði verið fjarverandi til lengri tíma.

Könnunin fór fram á tímabilinu 29. janúar – 24. febrúar 2026.

Starfsfólk á miðlægri skrifstofu Hjallastefnunnar sá um framkvæmd könnunarinnar, úrvinnslu og skýrslugerð. Könnunin var fræmkvæmd samtímis í öllum leik- og grunnskólum Hjallastefnunnar.


Könnunin var send á 11 netföng. Alls bárust 9 svör og var svarhlutfallið því 81,8% á leikskólanum Barnabóli.




# Lykilspurningar

## Meðaltöl

● Skólinn 2026 ● Allir leikskólar 2026 ● Skólinn 2024



## Dreifing svara - Skólinn 2026



## Gæðaskor leikskólans 2026 - Meðaltal

**9,11**

0-10 kvarði


8,89

Allir leikskólar 2026

9,22

Skólinn 2024


## Dreifing svara - Gæðaskor





# Starfið

## Meðaltöl

● Skólinn 2026 ● Allir leikskólar 2026 ● Skólinn 2024



## Dreifing svara - Skólinn 2026



Einhver rætt við mig um framfarir í starfi - Skólinn 2026

**75,0%**

Á síðustu sex mánuðum

**56,9%**

Allir skólar 2026


**85,7%**

Skólinn 2024


# Samstarf

## Meðaltöl

● Skólinn 2026 ● Allir leikskólar 2026 ● Skólinn 2024




## Dreifing svara - Skólinn 2026




# Stjórnun

## Meðaltöl

● Skólinn 2026 ● Allir leikskólar 2026 ● Skólinn 2024




## Dreifing svara - Skólinn 2026




# Meginregla 2 – Jafnrétti, sköpun, gagnrýnin hugsun

Meðaltöl

● Skólinn 2026 ● Allir leikskólar 2026 ● Skólinn 2024




Dreifing svara - Skólinn 2026




# Meginregla 2 – Kærleikur, virðing, hreinskiptni

Meðaltöl

● Skólinn 2026 ● Allir leikskólar 2026 ● Skólinn 2024




Dreifing svara - Skólinn 2026




# UT og Bradford

UT aðgengi - Skólinn 2026




- Vissi ekki af þessu
- Hef ekki aðgang eða er í vandræðum með aðgang
- Er með aðgang en myndi þyggja meiri kennslu og kynningu
- Er með aðgang og allt gengur vel

Þekking á Bradford kvarðanum og notkun í skólanum



- Vissi ekki af þessu
- Veit af Bradford kvarðanum en myndi þyggja meiri fræðslu
- Þekki Bradford kvarðann vel og hvernig hann er notaður

Viðverusamtöl - Reynsla og upplifun



- Ég hef ekki farið í viðverusamtal
- Ég hef farið í viðverusamtal og fannst það ekki gagnlegt
- Ég hef farið í viðverusamtal og fannst það gagnlegt

# EKKO

## Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi (EKKO) verður ekki liðið í skólum Hjallastefnunnar.

Í könnuninni var mælt hvort starfsfólk hafi orðið fyrir EKKO tilvikum á vinnustaðnum á síðustu 6 mánuðum. Skilgreiningar á hugtökunum voru gefnar áður en spurningarnar voru bornar fram (sjá síðustu glæru).

Ef starfsmaðurinn merkti við eitthvað af þessu var spurt nánar út í það:

- hvert eðli málsins var (merkt við allt sem átti við úr skilgreindum lista, með opnum svarglugga fyrir annað)
- hvort það hafi verið að einhverjum hluta rafænt
- hvort starfsmaður hafi leitað til stjórnenda eða annara fagaðila vegna málsins
- hversu ánægður starfsmaðurinn var með úrvinnslu málsins


Þessar upplýsingar verða nýttar í forvarnarstarfi.

## Niðurstöður skóla

Einelti = 0  
Kynferðisleg áreitni = 0  
Kynbundin áreitni = 0  
Ofbeldi = 0

## Hjallastefnan í heild

Alls mældist 1 tilvik eineltis og 1 tilvik ofbeldis hjá Hjallstefnunni í heild. Hvergi mældist hvorki kynferðisleg né kynbundin áreitni.



# Nákvæmt orðalag spurninga

Kafli	Lykil-spurning	Upprunalegt orðalag í könnun	Stytt orðalag
Lykilspurningar	x	Ég er almennt ánægð/ur/t í starfi mínu	Ánægja í starfi
	x	Að lokum biðjum við þig að gefa starfi skólans gæðaeinkunn (þar sem 0 er lægst og 10 hæst)	Gæðaeinkunn
Starfið		Ég veit til hvers er ætlast af mér í starfi	Veit til hvers er ætlast af mér í starfi
		Ég er almennt ánægð/ur/t með dagskipulagið í skólanum mínum	Ánægja með dagskipulagið
		Mér eru falin verkefni án þess að ég fái viðeigandi úrræði til að leysa þau	Falin verkefni án þess að fá viðeigandi úrræði til að leysa þau
		Boðleiðirnar sem við notum í skólanum til að koma nauðsynlegum upplýsingum um hvern skóladag virka vel	Boðleiðir fyrir daginn virka vel
		Ég hef næga orku til að takast á við persónuleg verkefni að loknum hefðbundnum vinnudegi	Hef næga orku til að takast á við pers. verkefni að loknum hefðb. vinnudegi
	x	Ég finn fyrir óhóflega mikilli streitu í vinnunni	Finn fyrir óhóflega mikilli streitu í vinnunni
		Mér gengur vel að skilja á milli vinnunnar og einkalífs míns	Mér gengur vel að skilja á milli vinnunnar og einkalífs míns
		Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi	Yfirmaður/vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi
		Mér finnst ég eiga góða möguleika á að þróast í starfi hjá Hjallastefnunni	Finnst ég eiga góða möguleika á að þróast í starfi
		Á síðustu sex mánuðum hefur einhver í vinnunni talað við mig um framfarir mínar í starfi	Einhver talað við mig um framfarir mínar í starfi (síðustu 6 mán)
		Yfirmaður minn eða vinnufélagi ber umhyggju fyrir mér sem einstaklingi	Yfirmaður/vinnufél. minn ber umhyggju fyrir mér sem einstaklingi
		Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum	Fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum
		Það er góður starfsandi í skólanum mínum	Góður starfsandi
Samstarf		Við leysum hratt og vel úr vandamálum sem koma upp í skólanum mínum	Leysum hratt og vel úr vandamálum
		Ef á þarf að halda fæ ég nægan stuðning og aðstoð frá samstarfsfólki mínu við verkefni	Fæ nægan stuðning og aðstoð frá samstarfsfólki
		Vinnufélagar mínir leggja sig alla jafna fram við að skila vel unnu starfi	Vinnufélagar leggja sig alla jafna fram við að skila vel unnu starfi
		Samskipti eru í góðu lagi á mínum kjarna/vinnusvæði	Samskipti eru í góðu lagi á mínum kjarna/vinnusvæði
		Ég upplifi að skoðanir mínar skipta máli	Ég upplifi að skoðanir mínar skipta máli
Stjórnun	x	Ég get leitað til yfirmanna minna vegna faglegra mála	Get leitað til yfirmanna vegna faglegra mála
		Ég get leitað til yfirmanna minna vegna persónulegra mála	Get leitað til yfirmanna vegna persónulegra mála
		Stjórnun er almennt góð í skólanum mínum	Stjórnun er almennt góð
		Upplýsingamiðlun til starfsfólks er góð í skólanum mínum	Upplýsingamiðlun til starfsfólks góð
		Ég upplifi að nýtt starfsfólk fái góða leiðsögn og stuðning í upphafi starfs	Móttaka nýs starfsfólks - leiðsögn og stuðningur
	x	Ég sýni í daglegu starfi að ég styð og tileinka mér hugsjónir og gildi Hjallastefnunnar	Styð og tileinka mér hugsjónir og gildi Hjallastefnunnar
		Jafnréttismræða og meðvitund um jafnrétti er í fyrirrúmi í mínu vinnuumhverfi	Jafnréttismræða og meðvitund um jafnrétti
Meginregla 2 - Jafnrétti, sköpun, gagnrýnin hugsun		Á vinnustaðnum mínum er komið fram við öll sem jöfn, óháð kyni, aldri, uppruna, stöðu, skoðunum o.s.frv.	Komið fram við öll sem jöfn
		Í vinnuumhverfi mínu hugsam við í skapandi lausnum og ögrum fyrirfram gefnum hugmyndum	Skapandi lausnir, gagnrýnin og frjó
		Ég upplifi að við hlustum á hugmyndir hvers annars og notum gagnrýna hugsun til að bæta starfið	Hlustum á hugmyndir hvers annars og notum gagnrýna hugsun til að bæta starfið
Meginregla 2 - Kærleikur, virðing, hreinskiptni		Kærleikur og virðing einkenna samskipti starfsfólks á vinnustaðnum mínum	Kærleikur og virðing einkenna samskipti starfsfólks
		Ég sýni samstarfsfólki mínu ávallt jákvæðni og kærleika	Ég sýni samstarfsfólki mínu ávallt jákvæðni og kærleika
		Á vinnustaðnum mínum fylgir starfsfólk reglum um hreinskiptni og heiðarleika	Starfsfólk fylgir reglum um hreinskiptni og heiðarleika
		Á vinnustaðnum mínum fylgir starfsfólk reglum um boðlega orðræðu eins og fram kemur í meginreglum Hjallastefnunnar	Boðleg orðræða
		Þegar ég tala um samstarfsfólk mitt segi ég aldrei neitt sem ég gæti ekki sagt beint við viðkomandi	Segi aldrei neitt um samstarfsfólk sem ég gæti ekki sagt beint við viðkomandi
		Ég skipti mér einungis af því sem viðkemur mínu starfi en blanda mér aldrei óumbeiddi í mál eða störf annarra	Skipti mér einungis af því sem viðkemur mínu starfi
EKKO - Erfið mál		Mér finnst skýrt hvert ég get leitað úrlausnar varðandi erfið mál í starfi mínu	Skýrt hvert ég get leitað úrlausnar varðandi erfið mál
UT og Bradford		Hvernig er aðgengi þitt að skjölum, gagnasvæðum og samskiptaleiðum í Hjallastefnunni?	Spjallþræðir á Teams Gagnsvæði skólans Upplýsingasvæði starfsfólks Tölvupóstur
		Hversu vel þekkir þú Bradford kvarðann og hvernig hann er notaður í skólum Hjallastefnunnar?	UT - Aðgengi - Spjallþræðir á Teams UT - Aðgengi - Gagnsvæði skólans UT - Aðgengi - Upplýsingasvæði starfsfólks UT - Aðgengi - Tölvupóstur
		Hefur þú farið í viðverusamtal með stjórnanda og hvernig var upplifun þín af því?	Bradford - Þekking Viðverusamtal - Upplifun

# Skilgreiningar á EKKO

**Einelti** er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir. Einelti er einstaklingsbundin upplifun og getur verið um einelti að ræða hvort sem það er ásetningur geranda eður ei.

**Kynferðisleg áreitni** er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Sérhver einstaklingur verður sjálfur að meta hvaða framkomu hann umber og frá hverjum. Það er alltaf huglægt mat hvort framkoman er kynferðisleg eða ekki. Daður telst ekki vera kynferðisleg áreitni nema hegðunin sé óvelkomin, hvorki gagnkvæm né á jafnréttisgrundvelli.

**Kynbundin áreitni** er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

**Ofbeldi** er hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis. Birtingarmyndir eineltis, áreitni og ofbeldis eru margvíslegar. Þær geta falist í orðum, látbragði, óvelkominni snertingu eða verið rafrænar til dæmis á samfélagsmiðlum eða í tölvupósti.